

Erindi til sveitastjórnar Borgarbyggðar

Tillögur að úrbótum í íþróttahúsunum á Varmalandi og Kleppjárnsreykjum

Kæru fulltrúar sveitastjórnar Borgarbyggðar

Fyrir hönd blakdeildar Hvanna og Njóla í Borgarbyggð viljum við koma á framfæri beiðni til ykkar um nauðsynlegt viðhald í íþróttahúsunum á Kleppjárnsreykjum og á Varmalandi.

Undanfarin ár hafa liðin fengið að æfa í þessum húsum og erum við afskaplega þakklát fyrir þann stuðning sem sveitafélagið hefur sýnt íþróttinni. Í okkar hópi eru 35 iðkendur á aldrinum 25-65 ára og fórum við til að mynda með 4 lið á síðasta Öldungamót í blaki sem haldið var í Mosfellsbæ.

Viðhaldspörf

Á Varmalandi er lýsingin ekki góð, einskonar grænleit birta sem fyllir salinn og greinilegt að ljósabúnaður er kominn til ára sinna.

Á Kleppjárnsreykjum er dúkur á gólfi sem er orðinn sleipur, búinn að missa alla dempun sem eykur álag á liði og bak, eykur líkur á meiðslum og er beinlínis hættulegur hvort sem það er fólk á miðjum aldri eða yngri iðkendur. Dúkurinn er upprunalegur og kominn vel yfir þann aldur sem slíkir dúkar eiga að duga. Nú þegar eru nokkrir iðkendur í hópnum sem ekki geta æft í salnum vegna ástandsins á honum.

Við óskum því eftir því að þessar tillögur til úrbóta verði teknar til umræðu í komandi fjárhagsáætlunarvinnu.

F.h. Hvanna og Njóla
Aðalheiður Kristjánsdóttir